

# Íslenska

## kennslubók í málvísi og ljóðlist

### (Gorma)

e. Jón Norland og Gunnlaug V. Snævarr

**Ljóðalestur**  
**(bls. 171-207)**

# Ljóðalestur

(Gorma bls. 171-175)

- Ljóðlist er ákaflega huglæg grein og leiðir til þess að skoðanir manna, smekkur og fordómar hljóta að blandast saman við skilgreiningar á ljóðum.
- Ljóð eru afsprengi ímyndunarafls skáldsins og mállegrar færni þess.
- Oftast eru einhverjar tilfinningar, sem bærast í brjósti skáldsins, kveikjan að þeim.

# Ljóðalestur – frh.

- Krafan um hlutlægni er ljóðum framandi enda þótt sum skáld hafi stundum reynt að fylgja henni eftir með misjöfnum árangri.
- Sérhvert svið mannegra athafna getur orðið tilefni ljóðs og efnistökin eru fjölbreytileg.
- Ljóð hafa greinilega eitthvert útlit (form) og síðan ákveðið innihald (inntak) eins og annar ritaður texti.

# Ljóðalestur – frh.

- Í ljóðum er orðum sjaldan sóað, þau verða að geta réttlætt tilvist sína (hnitmiðuð, þetta er þó ekki algilt frekar en annað sem segja má um ljóð).
- Þegar formið er skoðað koma upp þættir eins og: línulengd, erindaskipan, stuðlar og höfuðstafir, rím, hrynjandi, myndir, líkingar o.fl.

# Myndmál

(Gorma bls. 176-183)

## Viðlíkingar:

- Þegar einu er líkt við annað. Líking er nokkurs konar samanburður þar sem áhersla er lögð á hið sameiginlega, það sem tengir tvö svið saman.
- Í venjulegum **viðlíkingum** eru notuð sérstök **samanburðarorð (eins og, líkt og, sem o.þ.h.)** og eru þau þá eins og hlekkur sem tengir saman tvö svið.

# Myndmál – frh.

## Myndhverfing:

- Myndhverfing er afbrigði líkingar.
- Í myndhverfingu er samanburðarorðunum sleppt.
  - Dæmi: Guðmundur er köttur sem ýmist fer um göturnar á harðahlaupum eða ferðast með heljarstökkum um fjöll og firnindi.
- Þrennt þarf að hafa í huga þegar myndhverfing er skoðuð.
  - Myndþegi (hverju er verið að lýsa)
  - Myndgjafi (hverju er því sem verið er að lýsa, líkt við)
  - Grundvöllur líkingarinnar (hvað sem sameiginlegt með myndgjafa og myndþega).

# Myndmál – frh.

## Persónugerving:

- Persónugerving er ein tegund líkingar.
- Í persónugervingu er dauðum fyrirbærum lýst sem þau séu lifandi, þau eru **persónugerð**, gædd lífi.
  - Sólin **brosir** til okkar.
  - Bíllinn **hikstar**.
  - Dalurinn **breiðir út faðminn** á móti okkur.
- Í persónugervingu eru samanburðarorð sjaldnast notuð heldur er þessum lífvana hlutum lýst með orðum sem venjulega eiga aðeins við lifandi verur.
- Þegar rökrétt líking helst í gegnum heilt ljóð (eða drjúgan hluta þess), eins og í Dalalæðunni, kallast hún **nýgerving**. Nýgervingar voru algengar í fornum kveðskap.

# Heimurinn og ég

(Gorma bls. 184-185)

## Um hvað yrkja skáldin?

- Skáldum verður ekki sett fyrir efni ljóða sinna heldur yrkja þau um það sem andinn blæs þeim í brjóst og þau vilja yrkja umm.
- Eigið tilfinningalíf ljóðskáldanna er oftast sú uppsprettulind sem þau nota til ljóðsköpunar.
- Mörg skáld nota ljóðlistina til að benda okkur á ýmiss konar þjóðfélagslegar meinsemdir og vilja þau þá gjarnan vekja okkur af værum blundi og fá okkur til að horfa í óþægilegar áttir.

# Andstæður

(Gorma bls. 186-189)

- Andstæður eru notaðar til að auka áhrifamátt og skerpa lýsingu þess sem ljóðið fjallar um.
- Andstæður eru gamalt stílbragð.
- Andstæður minna á líkingar að því leyti að eitthvað tvennt er borið saman.
- Það sem skilur hins vegar á milli líkinga og andstæðna er að í líkingum er leitast við að tengja saman tvö svið en **andstæður leggja áherslu á mismun á tvennu.**

# Líf ljóðsins

(Gorma bls. 190-191)

- Eftir samningu sögu, leikrits eða ljóðs varpar höfundur „afkvæmi” sínu frá sér og á það þá líf sitt undir lesendum og áheyrendum.
- Lesandinn verður sjálfur að skáldi ef hann les að næmni og með opnum hug.
- Í hugskoti hvers góðs lesanda eignast ljóðið sjálfstætt líf.

# Bragarhættir

(Gorma bls. 192-195)

- **Bragarháttur** er nokkurs konar uppskrift að grind eða formi ljóðsins.
- Skáld velur sér bragarhátt og fær um leið ákveðna vinnulýsingu fyrir ljóðið.
- Skáldið leggur svo til inntak (innihald) og orð og fellir í þetta form.
- Bragarháttur er m.ö.o. ytri búningur ljóðsins.
- Dæmi um bragarhætti eru t.d.
  - ferskeyttur háttur
  - ljóðaháttur
  - sonnetta
  - ítölsk sonnetta
  - ensk sonnetta

# Ljóðaháttur

Hvert erindi er sex vísuorð (= línur) og skiptist það bragfræðilega í tvo álíka hluta.

Talsvert frelsi ríkir um línulengd, einkum um lengd þriðju línu hvors vísuhluta.

Fyrsta og önnur lína tengjast saman með stuðlum, einnig fjórða og fimmta lína.

Þriðja og sjötta lína eru á hinn bóginn sér um stuðla.

Ljóðaháttur er rímlaus.

Hávamál eru ort undir ljóðahætti og þykja þau mikill öndvegiskveðskapur.

Byrði betri  
berat maður brautu að  
en sé mannvit mikið.  
Vegnest verra  
vegra hann velli að  
en sé ofdrykkja öls.

(úr Hávamálum)

# Sonnetta

- Sonnetta er dæmi um útlendan bragarhátt sem Íslendingar hafa notað.
- Sonnetta er mjög strangt ljóðform.
- Hún er alltaf fjórtán línur.

# Ítölsk sonnetta (sjá bls. 194 í Gormu)

- Skiptist í tvö fjögurra lína erindi og tvö þriggja lína erindi.
- Strangar reglur gilda um atkvæðafjölda og rím

# Ensk sonnetta (Sjá bls. 188 og 174 í Gormu)

- Er afbrigði hinnar ítölsku sonnettu.
- Hún skiptist í þrjú fjögurra lína erindi sem mynda áveðna heild og lýkur svo á svokallaðri tvíhendu.

# Ferskeyttur háttur (ferskeytlur)

- Eitt af einkennum ferskeytlu er **tvískiptur taktur**, þungt, létt, þungt, létt.
- Í ferskeyttum hætti eru **bragliðir (kveður)** venjulega tvö atkvæði og kallast **tvíliðir**.
- Ef bragliður er ekki heill í enda línu nefnist hann **stúfur (stýfður liður)**.
- Braglína ferskeytlu hefst oft á áherslulausu atkvæði og kallast það **forliður**.

# Ferskeyttur háttur (ferskeytlur)

- Grundvallarreglan um **atkvæðafjölda** í ferskeytlum er 7 – 6 – 7 – 6. Á þessu geta þó verið frávík, einkum þegar forliðir eru notaðir.
- Talað er um **þríliði** þegar tvö létt atkvæði fara á eftir einu þungu. Þrátt fyrir að tvíliðir ráði ríkjum í ferskeytlum eru til ljóð þar sem skáld nota mikið þríliði (sjá bls. 198 í Gormu).
- Fleiri einkenni ferskeytlna eru **rím, kveður og ljóðstafir**.

# Taktur og hrynjandi

(Gorma bls. 196-198)

- Taktfesta er eitt af einkennum háttbundins ljóðmáls og þar er leitast við að hafa **hrynjandina** reglubundna svo að bil á milli áherslna verði jafnt og þétt.
- Í bragfræði er hver taktlota kölluð **bragliður** (kveða) og í ferskeyttum hætti eru bragliðir venjulega tvö atkvæði og kallast **tvíliðir**.
- Ef bragliður er ekki heill í enda línu nefnist hann **stúfur** (stýfður liður).
- Annað „takteinkenni“ er atkvæðafjöldi.
- Sjá tákinn sem notuð eru fyrir áherslu á bls. 197.

# Rím

(Gorma bls. 199-200)

- Þegar hljóðasambönd eru endurtekin eftir ákveðnum reglum kallast það **rím**.
- Rím er kallað **alrím** þegar sérhljóð og eftirfarandi hljóð eru sömu í þeim orðum sem ríma saman.

# Rím – frh.

- **Karlrím:**
  - Þegar eitt atkvæði hefur líkan hljóm og annað (sól – jól)
- **Kvenrím:**
  - Þegar tvö atkvæði ríma saman (hugur – dugur)
- **Veggjað rím (þrírím):**
  - Þegar þrjú atkvæði ríma saman (verðinu – gerðinu)

# Rím – frh.

- Rímorð geta staðið nánast hvar sem er í vísu. Þekktast er **endarímið** í lok hvers vísuorðs (braglínu).
- **Víxlrím**: Þá ríma saman 1. og 3. lína og 2. og 4. lína.
- **Runurím**: Þá ríma saman t.d. 1. og 2. lína og síðan 3. og 4. lína.

# Ljóðstafir og kveður

(Gorma bls. 201-202)

- **Ljóðstafasetning (stuðlasetning)** er endurtekning á sama (eða svipuðu) hljóði í upphafi áhersluatkvæða.
- Í ferskeytlum eru tvær og tvær braglínur tengdar saman með ljóðstöfum.
- Í fyrri línunni eru ljóðstafirir tveir og kallast **stuðlar** en í seinni línunni er ljóðstafurinn einn og nefnist **höfuðstafur**.

# Ljóðstafir og kveður – frh.

- Þegar ljóðstafir eru samhljóðar verða þeir að vera hinir sömu í hverjum tveimur línunum sem stuðla saman.
- Auk þess eru hljóðasamböndin sk, sl, sm, sn, sp og st svo sterk að þau má aðeins stuðla hvert á móti öðru.
- Ef ljóðstafir eru sérhljóðar gilda þær reglur að allir sérhljóðar geta stuðlað hver á móti öðrum.

# Ljóðstafir og kveður – frh.

- Hver **bragliður** (oftast tvö atkvæði í ferskeytlum) kallast **kveða**.
- Fyrsti heili bragliður hverrar línu er alltaf í **hákveðu**, hinn næsti í **lágkveðu** o.s.frv.
- Ef bragliður er ekki heill í enda línu kallast hann **stúfur** og hefjist lína á áherslulausu atkvæði kallast það **forliður**.
- Bragliðir í hákveðum hafa meiri áherslu en þeir sem eru í lágkveðum.

# Ljóðstafir og kveður – frh.

Í hvaða kveðum mega ljóðstafir standa?

- Annar hvor stuðull verður að standa í hákveðu.
- Á milli stuðla er annaðhvort einn bragliður eða enginn.
- Höfuðstafur stendur alltaf í fyrstu hákveðu seinni línunnar.
- Á milli síðari stuðuls og höfuðstafs er einn eða enginn bragliður. Þó mega þeir vera tveir ef síðari stuðull er í hákveðu.
- Í ferskeytlu hlýtur því annar stuðullinn ávallt að standa fremst í 3.kveðu.